**Bekkur**: 9. og 10. bekkur

**Námsgrein**: Sviðslistir, Sjónlistir

**Kennarar**: Hannes Birgir Hjálmarsson

**Tímafjöldi**: 2 tímar á viku 1 önn

**Námsgögn:**
- Ýmsar bækur/sögur (nýttar í handritsgerð)
- Tónlist
- Youtube ofl.

**Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:
- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

- **Menningarlæs**i: Tengist öllum efnisþáttunum.
- **Námshæfn**i: Tengist öllum efnisþáttunum.

| **Efnisþættir** | **Hæfniviðmið** | **Kennsluhættir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|
| **Dans** | Nemandi geti:<br>• samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu<br>• sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi,<br>• tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk<br>• dansað fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttum eins og túlkun, | - Innlagnir<br>- Sýnikennsla<br>- Verklegar æfingar<br>- Einstaklingsvinna<br>- **Samvinna**<br>- Sköpun<br>- Persónulegar útfærslur<br>- Leiksýning á Tjarnarsal<br><br>Nemendur þjálfaðir í að skrifa handrit og flytja leikrit á sviði. Reynt að vinna á jákvæðan hátt | Símat er í kennslustundum sem byggt er á:<br>- hegðun<br>- viðhorfum<br>- vinnusemi<br>- samvinnu<br>- samskiptum<br>- sköpun<br>- umgengni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og kurteisisvenjum, | með nemendum til að fá fram jákvætt viðhorf til verkefnisins! Mjög mikil samvinna/samkennsla við/með textíl og smíða smiðjur | |
| **Leiklist** | Nemandi geti:<br>• unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum,<br>• bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist,<br>• valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla,<br>• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt,<br>• túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína | | |